

Bláskógabyggð
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík, 30. janúar 2024
UST202401-007/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Heiðarbær frístundabyggð - Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 2. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð fyrir Heiðarbæ F3, sem liggur við Þingvallavatn.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagstillaga fyrir svæðið var auglýst árið 2010. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið á sínum tíma¹. Auk þess veitti stofnunin umsögn vegna lýsingar verkefnisins 19. nóvember 2021² og tillögu 14. september 2022³

Í greinargerð kemur fram að markmið skipulagsgerðarinnar eru að samþætta lóðamörk og götummynd, auka skilvirkni við umsýslu á lóðum ásamt því að ramma inn svæðið og nýtingu þess í heild og einstaka þætti þess, s.s. innviði, náttúruvernd og aðgengi. Auk þess kemur fram að frístundasvæðið er samkvæmt aðalskipulagi 53 ha og eru 42 lóðir þegar byggðar.

Áhrifamat - Vatn

Umhverfisstofnun leggur til að í umhverfismati sé vatn haft sem sér umhverfisþáttur og viðmiðin séu þau lög, reglugerðir og áætlanir sem fjallað er um í greinargerð sem snúa að vatnamálum, eins og lög um stjórn vatnamála (nr. 36/2011) og vatnaáætlun, lög nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess og reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

¹ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Heidarbaer_080212.pdf

² <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20Hei%c3%b0arb%c3%a6r.pdf>

³ https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn_Hei%c3%b0arb%c3%a6r1.pdf

